

Fundargerð fimmta ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundur var haldinn miðvikudaginn 3. maí 2017 kl. 16:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og ritara

Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarformaður Þekkingarseturs Suðurnesja, setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og fór yfir dagskrá fundarins. Hann lagði til að Jóna Rut Jónsdóttir tæki að sér fundarstjórn og að Hanna María Kristjánsdóttir yrði skipuð ritari. Samþykkti fundurinn það einróma. Jóna Rut tók því næst við sem fundarstjóri.

2. Skýrsla stjórnar

Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarformaður, fór yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2016. Meðal annars var fjallað um markmið setursins og helstu verkefni síðasta árs. Skýrsla stjórnar er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins: <http://thekkingarsetur.is/thekkingarsetur-sudurnesja/skiol/>

3. Ársreikningur síðasta árs

Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, kynnti endurskoðaðan ársreikning Þekkingarsetursins fyrir árið 2016 sem stjórn hafði áður samþykkt einróma. Hagnaður varð af rekstri setursins á árinu að fjárhæð 4,7 milljónir sem kom til vegna góðrar nýtingar á blautrýmum setursins. Í ár er aftur gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Fjármunir setursins eru engu að síður takmarkaðir og má lítið út af bregða miðað við núverandi framlög, enda innkoma setursins háð utanaðkomandi þáttum eins og ríkisframlögum til rannsókna og styrkveitingum ýmiskonar. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu Þekkingarsetursins.

4. Starfsáætlun ársins 2017

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja fjallaði um starfsáætlun setursins fyrir árið 2017. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins.

5. Áhrif loftslagsbreytinga á farfuglastofna

Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur hjá Þekkingarsetri Suðurnesja, sagði frá rannsóknaverkefni *Áhrif loftslagsbreytinga á farfuglastofna* sem unnið verður að hér á Suðurnesjum á næstu mánuðum. Unnið hefur verið að sambærilegri rannsókn á Suðurlandi á síðustu árum. Viðfangsefni rannsóknarinnar er tjaldurinn sem er bæði staðfugl og farfugl hér á landi og því kjörinn til samanburðarrannsókna. Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

6. Fuglaskoðunarkort af Reykjanesi

Sölvi Rúnar Vignisson og Þuríður Aradóttir Braun, verkefnastjóri hjá Markaðsstofu Reykjanes, kynntu nýtt fuglaskoðunarkort af Reykjanesi sem unnið var í samstarfi stofnananna tveggja auk Náttúrustofu Suðvesturlands og Reykjanes jarðvangs. Stefnt er að útgáfu á næstu mánuðum á prentuðu og rafrænu formi. Rafræna útgáfan verður aðgengileg á vefsíðunni www.visitreykjanes.is

7. Önnur mál

- a) Fríða Stefánsdóttir, bæjarfulltrúi og verðandi stjórnarformaður Þekkingarsetursins, tók til máls og lýsti yfir ánægju með fundinn og starfsemi setursins. Hún sagðist hlakka mikið til að taka við stjórnarformennsku.
- b) Sigrún Árnadóttir, bæjarstjóri Sandgerðisbæjar, tók til máls og sagði gaman að heyra hversu fjölbreytt og skemmtileg verkefni Þekkingarsetursins eru. Hún sagði stofnanirnar á Garðveginum mikilvægar fyrir Sandgerðisbæ og Suðurnesin öll og ítreakði mikilvægi þess að vel sé stutt við þær. Hún óskaði þeim jafnframt góðs gengis í framtíðinni.

Fundarstjóri þakkaði að lokum Ólafi Þór Ólafssyni, fráfarandi stjórnarformanni, gott samstarf. Fundi var slitið kl. 17:40.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.



ÞEKKINGARSETUR SUÐURNESJA
Suðurnes Science and Learning Center

Ólafur Þór Ólafsson - SIGN

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN

Jóna Rut Jónsdóttir - SIGN

Sverrir Guðmundsson - SIGN

Hanna María Kristjánsdóttir - SIGN